

Fundargerð

221. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 28. febrúar 2017 kl. 12:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Undirritun - Ársreikningur 2016
2. Innkomin erindi/upplýsingar
3. Skýrsla framkvæmdsstjóra
4. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Undirritun - Ársreikningur 2016

Undir þessum lið sat Magnús Jónsson frá KPMG. Undirritun var frestað að ósk fulltrúa D-lista á síðasta fundi.

Helstu tölur úr ársreikningi 2015 og 2016:

	2016	2015
Rekstrartekjur	386.897.799	368.720.174
Rekstrargjöld	155.227.084	156.200.654
Framlegð	275.280.170	264.560.314
Rekstrarhagnaður (-tap) (EBITDA)	231.670.715	212.519.520
Afskriftir	77.921.774	86.190.927
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	153.748.941	126.328.593
Hrein fjármagnsgjöld	13.925.976	55.179.802
Hagnaður fyrir tekjuskatt	137.909.599	70.274.921
Hagnaður ársins	136.511.881	60.947.534
Eigið fé og skuldir samtals	1.975.815.799	1.963.646.386
Langtímaskuldir	1.181.963.311	1.308.032.519
Eiginfjárhlutfall	33,7 %	29,6 %

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2017 vegna rekstrarársins 2016, en vísar að öður leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárraikningum.



Ársreikningur 2016 borinn upp og staðfestur með undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra.

2. Innkomin erindi

- a) Samtök iðnaðarins og Félag ráðgjafarverkfræðinga sem ætla í sameiningu að ráðast í gerð ítarlegrar skýrslu um stöðu innviða. Verkefnið er unnið að norrænni fyrirmynd þar sem það kallast jafnan State of the Nation. Lagt fram til kynningar.
- b) Fundargerð - Fagråd fráveitna - 2 fundur 2017 – lögð fram til kynningar.
- c) Lagt fram á fundinum gögn send frá bæjarráði um ósk um aðstoð sveitarfélags við mat á fráveituframkvæmdum erindið er upprunnið frá Umhverfisstofnun vegna gerðar greinargerðar til að gefa skýrari myndi af áskorunum sveitarfélaga, sem ekki losa skólp til sjávar, með hliðsjón af sértæku álagi, vernd og kröfum.
- d) Framkvæmdastjóri sagði frá innkomnu tilboði í innviðagreiningu sveitarfélagsins. Framkvæmdastjóra falið að fara vandlega yfir forsendur og kostnað með atvinnu-, íþrótt- og menningarfulltrúa.
- e) Lögð fram á fundinum lokaskýrsla vegna matvælaverkennis Framfarafélagsins, með tilvísun til fyrri ákvarðana stjórnar er framkvæmdastjóra falið að afgreiða málið.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framlögð gögn: framlögð gögn á fundinum gögn vegna endurnýjunar á vinnsluholu UV-10.

- a) Málið er nokkuð brýnt með tilliti til rekstraöryggis í framtíðinni. Málið tekið til afgreiðslu á næstu fundum.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður 8. mars 2017 kl. 16:00, og aðalfundur verður 8. mars 2017 kl. 17:00.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 13:48

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson